

Punkturinn 2.tbl. 4.árg. 2013 - Fréttabréf um skattamál

Í þessu tölublaði Punktsins, fréttabréfi Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte, verður fjallað um dóm Hæstaréttar í máli nr. 386/2012 þar sem leyst var úr álitaeftum tengdum gengislánum. Þá verður greint frá þeim upplýsingaskipta- og tvísköttunarsamningum sem tóku gildi á árinu 2012.

Þá verður fjallað um frumvarp til breytinga á lögum um ársreikninga sem nú liggur fyrir Alþingi að afgreiða.

Að auki verður fjallað um frumvarp til breytinga á lögum um virðisaukaskatt sem lagt er fram í kjölfar álits ESA um að vafi sé á að þær breytingar sem gerðar voru á lögnum vegna starfsemi gagnavera samrýmist reglum EES um ríkisaðstoð.

Að lokum verða tveir áhugaverðir úrskurðir yfirkattaneftndar reifaðir og splunkunýtt skatta-app frá Deloitte kynnt. Það er von okkar að efni Punktsins verði lesendum til gagns og gamans.

Eins og ávallt, þá eru starfsmenn Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte reiðubúnir að veita aðstoð á sviði skatta- og lögfræðimála.

- **Haldlaust fyrir lánveitanda að bera fyrir sig efni lánsúmsóknar sem hvergi er vísað til í lánasamningnum sjálfum.** Sjá umfjöllun um dóm Hæstaréttar í máli nr. 386/2012 á bls.2.
- **Fjöldi upplýsingaskiptasamninga og tveir tvísköttunarsamningar tóku gildi á árinu 2012.** Sjá umfjöllun á bls.2.
- **Á Alþingi er til meðferðar frumvarp til laga um breytingar á lögum um ársreikninga en markmið þess að gera skýrari þær kröfur sem gerðar eru til reikningsskila félaga með takmarkaða ábyrgð.** Sjá umfjöllun um frumvarpið á bls.2.
- **Á Alþingi er nú til meðferðar frumvarp til breytinga á lögum um virðisaukaskatt, en tilgangur þess er að bregðast við álitum ESA um að vafi leiki á að tilgreind ákvæði laganna samrýmist reglum EES um ríkisaðstoð.** Sjá umfjöllun um frumvarpið á bls.3.
- **Þótt ráðstafanir séu gerðar út frá skattalegum sjónarmiðum að einhverju leyti þá felur það ekki sjálfkrafa í sér brot á skattalögum, þar á meðal að reglur skattalöggjafar hafi verið sniðgengnar. Almenn getur vanræksla aðila á að gegna framtalsskyldu sinni hér landi ekki leitt til skattlagningar hjá öðrum án sérstakrar lagaheimildar.** Sjá umfjöllun um úrskurð yfirkattaneftndar nr. 536/2012 á bls.3.
- **Framteljendur geta almennt ekki losnað undir ábyrgð sinni á annmörkum og skilum skattframtals með því að fela öðrum gerð þess og skil, þar á meðal endurskoðendum.** Sjá umfjöllun um úrskurð yfirkattaneftndar nr. 522/2012 á bls.4.
- **Deloitte skatta-appið ! Splunkunýtt app frá Deloitte var að koma út.** Sjá nánari umfjöllun um appið og eiginleika þess á bls.5.



Hæstaréttardómur nr. 386/2012, Íslandsbanki hf. gegn Umbúðamiðlun ehf. - Gengistrygging

Haldlaust fyrir lánveitanda að bera fyrir sig efni lánsumsóknar sem hvergi er vísað til í lánasamningnum sjálfum.

Í máli þessu var fjallað um kröfu Umbúðamiðlunarinnar (U) á hendur Íslandsbanka (Í) þar sem krafist var viðurkenningar á því að skuldbinding U við Í samkvæmt lánasamningi væri í íslenskum krónum og bundin við gengi erlendra mynta með ólögætum hætti.

Í niðurstöðum dómsins vísar Hæstiréttur til dóma réttarins frá 16. júní 2010, í málum 92/2010 og 153/2010 þar sem slegið var föstu að ófrávíkjanleg ákvæði 14. gr. laga nr. 38/2001 stæðu því í vegi að lántaki væri skuldbundinn af ákvæðum í samning um að fjárhæð láns í íslenskum krónum tæki breytingum eftir gengi erlends gjaldmiðils. Þá hafi rétturinn einnig kveðið upp marga dóma þar sem á það reyndi hvort skuldbinding samkvæmt lánasamningi teldist vera um fjárhæð í íslenskum krónum, sem á þennan óheimila hátt hefði verið gengistrygð, eða fjárhæð í erlendum gjaldmiðli, einum eða fleiri sem fyrrnefnt lagaákvæði tæki ekki til. Tók rétturinn sem dæmi tiltekna dóma þar sem deilt var um lánasamninga þar sem lán voru tilgreind sem jafnvirði tiltekinnar fjárhæðar í íslenskum krónum í tilteknum erlendum gjaldmiðlum og var þess þá einnig getið hvert hlutfall hvers erlenda gjaldmiðils ætti að vera af fjárhæð lánsins. Í þessum tilvikum var litið svo á að orðalag í samningi um skuldbindingu í þessari mynd dygði ekki eitt og sér til að komast að niðurstöðu, heldur yrði jafnframt í því sambandi að líta til þess hvernig aðilar samnings hafi í raun efnt hann hvor fyrir sitt leyti. Hafi í sumum þessara mála verið raunverulega um lán í íslenskum krónum að ræða, bundið ólögætum ákvæði um gengistryggingu, en í sumum þeirra var sannanlega um að ræða lán í erlendum gjaldmiðlum sem skuldbindandi voru fyrir lántaka.

Í þeim lánasamningi sem um var deilt í þessu máli var fjárhæð lánsins tilgreind með því einu að hún væri jafnvirði allt að ISK 120.000.000. Þrátt fyrir að í fyrisögn samningsins hafi komið fram að hann væri um lán í erlendum gjaldmiðlum sem og íslenskum krónum,

verðtryggt, var hvergi í samningnum sagt til um hvort lánið kæmi til með að vera í einhverjum erlendum gjaldmiðlum fremur en íslenskum krónum, hverjir þeir gjaldmiðlar þá yrðu og með hvaða fjárhæð í þeim eða hlutfalli af fjárhæðinni í íslenskum krónum. Var í þessu sambandi haldlaust að bera fyrir sig efni lánsumsóknar U sem hvergi var vísað til í samningnum, en hún sneri að auki eftir orðanna hljóðan eingöngu um hluta lánsins.

Þá segir í niðurstöðum dómsins að þar sem að eina fjárhæðin sem beint eða óbeint var tilgreind í lánasamningnum var í íslenskum krónum, var enginn vafi um að samningurinn tók einungis til skuldbindingar í þeim gjaldmiðli, sem óheimilt var að binda við gengi erlendra gjaldmiðla. Þyrfti því ekki að líta til þess hvernig U og lánveitandi efndu skuldbindingar sínar í raun, en þau atríði gætu þar að auki að engu leyti hnigið að annarri niðurstöðu.

Niðurstaða Hæstaréttar var því sú að hér væri raunverulega um lán í íslenskum krónum að ræða sem bundið væri við gengi erlendra gjaldmiðla með ólögætum hætti.

Upplýsinga- og tvísköttunarsamningar sem tóku gildi á árinu 2012

Fjöldi upplýsingaskiptasamninga og tveir tvísköttunarsamningar tóku gildi á árinu 2012.

Þann 21. desember 2012 voru auglýstir í C-deild stjórnartíðinda þeir upplýsinga- og tvísköttunarsamningar milli Íslands og eftirfarandi ríkja sem tóku gildi á árinu 2012.

Um er að ræða eftirfarandi samninga:

- Upplýsingaskiptasamningur við Antígva og Barbúda sem tók gildi 17. nóvember 2012.
- Upplýsingaskiptasamningur við San Marínó sem tók gildi 3. nóvember 2012.
- Upplýsingaskiptasamningur við Belís sem tók gildi 3. nóvember 2012.
- Upplýsingaskiptasamningur við Bahamaeyjar sem tók gildi 15. október 2012.
- Tvísköttunarsamningur við Slóveníu sem tók gildi 11. september 2012.
- Upplýsingaskiptasamningur við Barein sem tók gildi 15. ágúst 2012.
- Upplýsingaskiptasamningur við Cooks-eyjar sem tók gildi 25. júní 2012.
- Upplýsingaskiptasamningur við Samóa sem tók gildi þann 23. maí 2012.

- Upplýsingaskiptasamningur við Turks- og Caicos eyjar sem tók gildi 22. apríl 2012.
- Upplýsingaskiptasamningur við Angvilla sem tók gildi 22. apríl 2012.
- Upplýsingaskiptasamningur við Gíbraltar sem tók gildi 18. apríl 2012.
- Upplýsingaskiptasamningur við Liechtenstein sem tók gildi 31. mars 2012.
- Tvísköttunarsamningur við Barbados sem tók gildi 14. febrúar 2012.
- Upplýsingaskiptasamningur við Makaó sem tók gildi 20. janúar 2012.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga með síðari breytingum

Á Alþingi er til meðferðar frumvarp til laga um breytingar á lögum um ársreikninga en markmið þess er að gera skýrari þær kröfur sem gerðar eru til reikningsskila félaga með takmarkaða ábyrgð.

Á Alþingi er nú til meðferðar frumvarp til breytinga á lögum um ársreikninga. Tillögur að breytingum varða ákvæði um starfrækslumiðil, skoðunarmenn og endurskoðendur. Tilgangur og markmið frumvarpsins er að gera skýrari þær kröfur sem gerðar eru til reikningsskila félaga með takmarkaða ábyrgð. Fram kemur í frumvarpinu að mikilvægt sé að ársreikningar félaga séu skýrir og gefi sem gleggsta mynd af stöðu þeirra félaga sem við á. Ekki er talið að frumvarpið hafi í för með sér breytingar á störfum endurskoðenda eða skoðunarmanna þrátt fyrir að breytingarnar miði að því að breyta núgildandi lögum sem leggja störf þeirra að jöfnu.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið er fjallað um meginefni þess. Kemur þar fram að í núgildandi lögum séu störf endurskoðenda og skoðunarmanna lögð að jöfnu. Í frumvarpi þessu er lagt til að nota orðalagið „að yfirfara“ ársreikning þegar kemur að framkvæmd skoðunarmanna og að þeir „undirriti“ ársreikning þegar þeir hafa lokið sinni vinnu.

Er breytingin til samræmis því sem fram kemur í lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur, en þar er kveðið á um að ekki geti aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra endurskoðað reikningskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina.

Þá eru lagðar til breytingar á orðalagi í lögnum og einstök atriði skilgreind nánar til að gera lögin skýrari. Má þar nefna breytingu á orðalagi hvað varðar starfrækslumiðil og nánari skilgreiningu á því hvað felst í slíkum miðli til samræmis við skilgreiningu í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Lagt er til að upptalning umsóknarskilyrða verði felld brott en í staðin komi nánari skýring á starfrækslumiðli.

Þá er lagt til að heimild félaga til að hafa ársreikning á dönsku eða ensku í stað íslensku verði víkkuð til annarra félaga en þeirra sem hafa heimild til að hafa reikningsskilin í erlendum gjaldmiðli.

Þá er jafnframt lagt til að aukið verði á gagnsæi eignarhalds og atkvæðisréttar hluthafa í hlutafélögum og einkahlutafélögum með því að félögum verði gert að upplýsa í skýrslu stjórnar með ársreikningi um að lágmarki tíu stærstu hluthafa og alla ef þeir eru færri en tíu sem og hundraðshluta hlutafjár, en ekki einungis eignarhluti yfir 10%, eins og nú er.

Þá er lögð til sú breyting sem leiðir af tilskipun Evrópusambandsins nr. 2009/49/EB, að móðurfélag sem aðeins á dótturfélög sem skipta óverulegu máli bæði ein og sér og sem heild, þurfi ekki að semja samstæðureikning. Þó skal móðurfélag sem nýtir sér þessa heimild tilgreina þau dótturfélög sem um ræðir í skýringum með ársreikning sínum.

Þá eru að lokum lagðar til aðrar minni breytingar, svo sem að viðmiðunarfjárhæðir í lögnum eru hækkaðar þar sem þeim hefur ekki verið breytt síðan árið 2000.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 - Gagnaver

Á Alþingi er nú til meðferðar frumvarp til breytinga á lögum um virðisaukaskatt, en tilgangur þess er að bregðast við álitum ESA um að vafi leiki á að tilgreind ákvæði laganna samrýmist reglum EES um ríkisaðstoð.

Nú liggur fyrir Alþingi til afgreiðslu frumvarp um breytingar á lögum um virðisaukaskatt á ákvæðum er varða gagnaver. Forsaga breytinganna er sú að með lögum nr. 163 / 2010 var tveimur ákvæðum bætt við lög um virðisaukaskatt í tengslum við sölu á rafrænni þjónustu og starfsemi gagnavera hér á landi með það að markmiði að bæta samkeppnis-

stöðu greinarinnar gagnvart erlendum keppinautum. Um var að ræða skilgreiningu í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt þar sem hugtakið „rafrænt afhent þjónusta“ kom í stað orðsins „tölvuþjónusta“. Breytingin var lögð til með vísan til þróunar sem átt hafði sér stað á sviði rafrænna viðskipta og rafrænnar þjónustusölu og með henni var meðal annars tryggt að útflutningur á rafrænt afhentri þjónustu teldist ekki til skattskyldrar veltu.

Hugtakinu var ætlað að afmarka hvað teldist til afhendingar á rafrænni þjónustu, m.a. hjá gagnaverum. Þá kom einnig inn sú breyting að rafrænt afhent þjónusta teldist ávallt nýtt þar sem kaupandi hennar hefði búsetu eða starfsstöð og það sama skyldi gilda um sölu gagnavera á hvers kyns blandaðri þjónustu til kaupenda sem búsettir væru erlendis og hefðu ekki fasta starfsstöð hér á landi. Þá var bætt við lögin nýrri grein, 42. gr. A, sem ætlað var að undanþiggja innflutning á netþjónum og tengdum búnaði álagningu virðisaukaskatts þegar innflytjandi teldist ekki vera með eiginlega starfsemi hér á landi.

Eftirlitsstofnun ESA var tilkynnt um framangreindar breytingar til þess að fá staðfest að ekki væri um að ræða tilkynningarskylda ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins. Haustið 2012 varð ljóst að ESA taldi vafa leika á um að sá hluti breytinganna sem snýr að blandaðri þjónustu annars vegar og innflutningi á netþjónum og tengdum búnaði hins vegar samrýmndist reglum EES um ríkisaðstoð þar sem ákvæðin kynnu að teljast sértækar ráðstafanir í skilningi reglnanna.

Tilgangur frumvarpsins er að bregðast við álitum ESA um að vafi leiki á að framangreind ákvæði laganna samrýmist reglum EES um ríkisaðstoð. Er lagt til að ákvæðið um undanþágu virðisaukaskatts af sölu gagnavera af hvers kyns blandaðri þjónustu til kaupenda sem búsettir eru erlendis og hafa ekki fasta starfsstöð hér á landi verði felld brott. Þá er lagt til að framangreind 42. gr. A. verði afnumin.

Í stað framangreindra breytinga er lagt til að 3. mgr. 43. gr. laganna verði breytt þannig að ráðherra geti einnig sett í reglugerð reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna innflutnings erlendra fyrirtækja á vörum auk reglna um kaup á vörum og þjónustu innan lands, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Þá er í frumvarpinu tekið fram að í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna er um að ræða víðtækar undanþágur erlendra fyrirtækja við kaup á þjónustu sem nýtt er erlendis. Gert er ráð fyrir að réttur til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna innflutnings lúti sömu skilyrðum og ferlum og gilda við endurgreiðslu vegna kaupa á vöru og þjónustu hér á landi, sbr. reglugerð nr. 288/1995, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja. Skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt reglugerðinni eru eftirfarandi:

- Að virðisaukaskattur sem umsókn tekur til varði atvinnustarfsemi sem aðili rekur erlendis.
- Að starfsemi hins erlenda fyrirtækis væri skráningarskyld samkvæmt lögum um virðisaukaskatt ef hún væri rekin hér á landi.
- Að um sé að ræða virðisaukaskatt sem skráður aðili hér á landi gæti talið til innskatts eftir ákvæðum 15. og 16. gr. laga um virðisaukaskatt.

Þá er að lokum skilgreint hvað teljist erlent fyrirtæki í skilning þessa ákvæðis til að taka af öll tvímæli.

Úrskurður yfirséttanefndar nr. 536 / 2012

Þótt ráðstafanir séu gerðar út frá skattalegum sjónarmiðum að einhverju leyti þá felur það ekki sjálfkrafa í sér brot á skattalögum, þar á meðal að reglur skattalöggjafar hafi verið sniðgengnar. Almenn getur vanræksla aðila á að gegna framtalsskyldu sinni hér á landi ekki leitt til skattlagningar hjá öðrum án sérstakrar lagaheimildar.

Málavextir voru þeir að með úrskurði endurákvæðaði ríkisskattstjóri opinber gjöld kæranda á þann veg að til tekna var færður söluhagnaður vegna sölu félagsins B sem skrásett var á Bresku Jómfrúareyjunum á hlutabréfum sínum í íslenska félaginu F til íslenska félagsins E. Salan fór fram á árinu 2005. Í úrskurði ríkisskattstjóra kom fram að kærændur væru einu eigendur B.

Var það því mat ríkisskattstjóra að þær fjárfestingar F sem gerðar hefðu verið í gegnum B hefðu verið gerðar í þeim tilgangi að komast hjá skattlagningu af söluhagnaði og arðgreiðslum af hlutabréfum. Hefði ákvörðun kæranda um fjárfestingu í B ekki verið byggð á viðskipta- eða rekstrarlegum sjónarmiðum, heldur verið ætlað að sniðganga reglur um skattlagningu fjármagnstekna hér á landi. Bæri því að líta á sölu B á hlutabréfum í F til E sem sölu kæranda persónulega, sbr. grunnreglu 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga. Hefði þeim borið að telja söluhagnaðinn sér til tekna. Þá var kærendum einnig ákvarðað 2,5% álag á ógreidda staðgreiðslu.

Fyrir yfirsattanefnd kröfðust kærundur þess aðallega að úrskurður ríkisskattstjóra yrði felldur úr gildi á þeim forsendum að engin skattskylda hvíldi á þeim vegna sölu B á hlutabréfum sínum í F til E.

Í úrskurði yfirsattanefndar kemur fram að ekki væri séð að ríkisskattstjóri hefði dregið í efa að B hefði verið réttilega skráð í samræmi við löggjöf Bresku Jómfrúareyjanna og því fullgilt félag.

Hefði ríkisskattstjóri því ekki horft framhá tilvist félagsins, enda þótt hann hefði almennt horn í síðu félaga af þeim toga sem hér um ræddi. Yrði því að leggja til grundvallar að véfenging ríkisskattstjóra hafi einskorðast við framangreind viðskipti sem embættið taldi tilheyra kærendum persónulega. Kærundur hefðu verið einu eigendur B og hefðu þeir gert grein fyrir hlutafjäreign sinni í félaginu í skattframtölum sínum. Þá kemur fram að söluhagnaður hlutabréfa eru skattskyldar tekjur og í samræmi við takmarkaða skattskyldu hér á landi hefði B átt að gera íslenskum skattyfirvöldum grein fyrir sölu hlutafjárins og greiða skatt af umræddum söluhagnaði vegna sölu hinna íslensku hlutabréfa. Lægi því ljós fyrir skylda B til að telja fram og greiða skatt hér á landi af umræddum söluhagnaði. Því hafi ekki verið sinnt af hálfu félagsins og sætti það því ekki skattlagningu umræddra tekna við álagningu opinberra gjalda á viðkomandi gjaldári eins og vera bar ef rétt hefði verið að málum staðið.

Í úrskurði yfirsattanefndar kemur jafnframt fram að ekki yrði annað ráðið af úrskurði ríkisskattstjóra en að embættið hafi gefið sér að félög af þeim toga sem hér um ræðir, væru almennt stofnuð í því skyni að sniðganga skattareglur með einum eða öðrum hætti.

Í máli nefndarinnar kemur fram að þótt ráðstafanir sé gerðar út frá skattalegum sjónarmiðum að einhverju leyti þá feli það ekki sjálfkrafa í sér brot á skattalögum, þar á meðal að reglur skattalöggjafar hafi verið sniðgengnar. Að mati nefndarinnar blasti við að afgangi og umfjöllun ríkisskattstjóra á skýringum og upplýsingum kæranda við meðferð málsins hafi mótast að greindu viðhorfi embættisins til slíkra félaga sem hér um ræddi. Þá þætti ljóst að ákvörðun ríkisskattstjóra um að skattleggja kærundur persónulega hafi að einhverju marki mótast af því að embættið taldi torvelt að koma B undir skattlagningu hér á landi.

Að mati nefndarinnar voru þessi sjónarmið embættisins naumast samþýðanleg meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins. Í því sambandi tók nefndin fram að almennt yrði ekki talið að vanræksla aðila á að gegna framtalskyldu sinni gæti leitt til skattlagningar hjá öðrum án sérstakrar lagaheimildar. Þá rakti nefndin 57. gr. a. laga um tekjuskatt sem mælir fyrir um skattskyldu aðila, sem beint eða óbeint á hlut í hvers kyns félagi, sjóði, stofnun eða eignasafni í lágsattaríki, af hagnaði slíkra aðila í hlutfalli við eignarhluta sinn án tillits til úthlutunar. Samkvæmt ákvæðinu væru tekjur þessar skattskyldar með sambærilegum hætti og um væri að ræða starfsemi hér á landi. Umrætt ákvæði hafi fyrst komið til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 2011 vegna tekna ársins 2010 og eigna í lok þess árs.

Að mati yfirsattanefndar var ekki talið að ríkisskattstjóri hefði sýnt fram á að skattleggja ætti umræddan söluhagnað vegna sölu hlutabréfa í B hjá kærendum persónulega. Var því aðalkrafa kæranda um niðurfellingu úrskurðarins tekin til greina. Af niðurstöðunni leiddi að álag féll sjálfkrafa niður.

Úrskurður yfirsattanefndar nr. 522 / 2012

Framteljendur geta almennt ekki losnað undir ábyrgð sinni á annmörkum og skilum skattframtals með því að fela öðrum gerð þess og skil, þar á meðal endurskoðendum.

Í málinu var deilt um álagsbeitingu í kjölfar ákvörðunar ríkisskattstjóra um að færa til skattskyldra tekna kæranda vanframtaldar vaxtatekjur vegna afleiðuviðskipta á árunum

2006 og 2007, en að hálfu kæranda voru ekki gerðar athugasemdir um tekjufærsluna sjálfa.

Í úrskurði ríkisskattstjóra kom fram að ekki stæðu rök til annars en að beita 25% álagi á hækkun skattstofna á grundvelli 2. mgr. 108. gr. laga um tekjuskatt. Hefði athygli kæranda verið vakin á því að samkvæmt 3. mgr. sama ákvæðis skyldi falla frá beitingu álags ef skattaðilar færðu rök fyrir því að þeim yrði ekki kennt um annmarka á framtali eða óviðráðanleg atvik hefðu hamlað því að þeir bættu úr þeim annmörkum eða leiðréttu einstaka liði þess.

Krafa kæranda fyrir yfirsattanefnd um niðurfellingu álags var byggð á þeim rökum að um mistök við framtalsgerð hefði verið að ræða sem væri í raun á ábyrgð endurskoðunar-skrifstofu þeirra sem annaðist um framtalsgerð þeirra umrædd ár. Þeim hafi jafnframt ekki verið kunnugt um að bankinn hefði ekki haldið eftir staðgreiðslu vegna umræddra viðskipta en þau höfðu staðið í þeirri trú. Þá hafi enginn ásetningur verið um að telja ekki fram umræddar tekjur heldur hafi verið um mistök að ræða af hendi umræddrar endurskoðunar-skrifstofu. Af þeim sökum fannst kærendum harkalegt að þurfa að bera álag vegna þessa.

Í úrskurði yfirsattanefndar er rakið að kærundur hafi lagt áherslu á að þeim yrði ekki um kennt vegna greindra annmarka í framtölum þeirra þar sem þau hefðu ekki sjálf annast framtalsgerðina. Í úrskurði nefndarinnar er tekið fram að leggja yrði til grundvallar að framteljendur gætu almennt ekki losnað undir ábyrgð sinni á annmörkum og skilum skattframtals með því að fela öðrum gerð þess og skil. Að því athuguðu og þegar litið væri til þeirra annmarka sem voru á skattframtölum kæranda umrædd ár, þar sem engin grein var gerð fyrir verulegum vaxtatekjum vegna afleiðuviðskipta, þóttu ekki efni til að falla frá beitingu álags í tilvikum kæranda, enda þótti ekki sýnt fram á að atvikum væri svo hátt að 3. mgr. 108. gr. tekjuskattslaganna ætti við, né að tilefni væri til að falla frá álagsbeitingu að öðru leyti.

Var kröfu kæranda um niðurfellingu álags því hafnað.

Deloitte skatta - appið (Deloitte Iceland)

Nýjasta nýtt í snjallsímaforritum eða "öppum" er splunkunýtt app frá Deloitte (skatta-appið) sem hjálpar notendum á að muna eftir mikilvægum skila- og greiðsludögum hjá ríkisskattstjóra.

Deloitte hefur verið með mjög vinsælt skattadagatal á hverju ári þar sem að mikilvægir skila- og greiðsludagar hjá ríkisskattstjóra hafa verið grænmerktir. Nú er búið að koma þessu skattadagatali í nútímalegt horf og rafrænar lausnir nýttar til að koma til móts við það rafræna umhverfi sem við búum í.

Notandinn fær áminningu (notification) þegar t.d. greiðsludagur VSK er eða greiðsludagur staðgreiðslu og tryggingagjalds, svo dæmi sé tekið.

Áminningar eru flokkaðar niður í sex flokka; vsk, staðgreiðsla, fjármagnstekjuskattur, önnur gagnaskil, vörugjöld og aðrir skattar. Notandinn getur því valið um hvaða flokka hann vill fá áminningu í, eftir því sem honum hentar og einnig hvenær hann vill fá áminninguna; þ.e. samdægurs, degi fyrir, o.s.frv.



Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir,
sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte

Ritstjóri:

Erna Sif Jónsdóttir, lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Appið býður einnig upp á fréttaveitu, þar sem heitustu fréttir frá Deloitte birtast eins og t.d. ráðstefnur, sbr. skattadagurinn. Notandinn getur þá skráð sig á ráðstefnur og fundi í gegnum appið.

Markmiðið er að auðvelda reksturinn fyrir notendur; Appið léttir þér lífið.

Appið er frítt og er hannað fyrir IOS stýrikerfið (Iphone) og Android stýrikerfið (Samsung t.d.) Hægt er að ná í appið með því að fara í App Store og Play Store í símanum og leita að **Deloitte Iceland**. Notandinn stillir appið eins og honum hentar og getur látið það samkeyrast við dagatal símans.



Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.